



**Ávarp
forseta Íslands
við opnun sýningarinnar
Austanvindar og Norðan
Samsýning KOM hópsins og japanskra listamanna í Norræna
húsinu
17. ágúst 1996**

Góðir sýningargestir,

Það er merkur vitnisburður um menningarsamvinnu Íslands og Japans að á sama degi skuli opnaðar tvær sýningar sem eru ávöxtur af samvinnu landanna. Á þeirri sýningu sem ég opnaði fyrir í dag var okkur boðið að ganga inn í heim fyrri alda í Japan. Hér í Norræna húsinu birtist okkur hins vegar kraftur nýrrar sköpunar, ávöxtur af samvinnu japanskra og íslenskra listamanna á undanförunum misserum.

Sýningin hér í Norræna húsinu endurspeglar á margvíslegan hátt samskipti og vináttu japanskra og íslenskra listamanna.

Á undanförunum árum hefur íslensk myndlist verið að auðgast af landnámi sem áður var framandi. Auk málverksins hefur leirlist og glerlist fært okkur nýjar víddir og gert íslenskan listagarð mun fjölskrúðugri en hann áður var.

Það er ánægjulegt að sjá í sölum Norræna hússins hvernig þessi nýsköpun í íslensku listalífi blandar á skemmtilegan hátt geði við japanskra samverkamenn. Vigdís Finnbogadóttir hefur verið öflugur liðsmaður þessa samstarfs og það er eindregin ætlun mín að forseti Íslands leggi hér áfram hönd á plóg.

Um leið og ég lýsi ánægju minni með þessa samvinnu sem býður okkur til þessarar fjölbreyttu listaveislu fagna ég sérstaklega komu þessara japönsku listamanna til Íslands.

Þa er ósk mín að kynni þeirra af landi og þjóð muni færa þeim nýja reynslu á sama hátt og verk þeirra eru okkur uppspretta ferskra hugmynda.

Sýningin Austanvindar og Norðan er opnuð.